

## GJALDSKRÁ fyrir Keflavíkurflugvöll.

### 1. Lendingargjöld.

- 1.1. Lendingargjald skal miða við leyfðan hámarkspunga flugvélarinnar (Air-craft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.
- 1.2. Í millilandaflugi skal fyrir hverja landingu greiða landingargjald sem hér segir:
  - kr. 450.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.
  - 370.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.
  - 330.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.
  - 310.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

### 2. Stæðisgjöld.

- 2.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

#### 2.2. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar		Leiga á sólarhring
Undir 12	m	kr. 140.00
12—18	—	— 280.00
18—24	—	— 410.00
24—30	—	— 550.00
Yfir 30	—	— 610.00

### 3. Önnur ákvæði.

- 3.1. Heimilt er að fella niður gjöld sem hér segir:
  - 3.1.1. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum íslenska ríkisins og flugvélum, sem það tekur á leigu.
  - 3.1.2. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
  - 3.1.3. Lendingargjöld af flugvélum í reynsluflugi að aflokinni viðgerð, enda sé viðkomandi flugvél í áætlunarflugi.
  - 3.1.4. Lendingar- og stæðisgjöld af björgunarflugvélum.
  - 3.1.5. Lendingargjöld af flugvélum, sem snúa við til flugvallarins vegna vélarbilunar eða slæmra veðurskilyrða, hafi ekki verið millilent á öðrum flugvelli.

- 3.1.6. Heimilt er að veita 50% afslátt af stæðisgjöldum fyrir þann tíma, sem er umfram sjö sólarhringa.
- 3.1.7. Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.
- 3.2. Lendingar- og stæðisgjöld skulu staðgreiðast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið.
- 3.3. Framangreind lendingar- og stæðisgjöld skulu breytast í samræmi við gengisbreytingar krónunnar, þannig að gjöldin hækki eða lækki í hlutfalli við slíkar breytingar.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Utánríkisráðuneytið, 24. ágúst 1973.*

**Einar Ágústsson.**

*Páll Ásg. Tryggvason.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð,  
öryggi o. fl. nr. 297 11. nóvember 1964.

### 1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

#### Öryggi og umferð á flugvælinum.

Slökkvibíreið, sem fær fyrirskipanir frá flugturninum, skal vera staðsett á mótum flugbrautanna, þegar loftför í millilandaflugi lenda eða hefja flug frá flugvælinum.

Slysaboðkerfi skal stjórnað úr flugturninum, til þess að öruggt samband sé við hjörgunarsveit, aðalslökkvistöð, sjúkrahús og aðrar slíkar stöðvar vallarins. Verði flugslys eða annað neyðarástand á flugvælinum, skal flugturninn senda út slysaboð, og skal hver stöð gera það, sem fyrir hana er lagt samkvæmt þeim reglum, sem ákveðnar eru fyrir neyðarástand.

Flugturninum, er óheimilt að veita öðrum en þeim aðilum, sem málið beinlínis varðar, upplýsingar um slys. Berist flugturninum tilkynning um flugslys í síma, skal hann leitast við að fá upplýsingar um nafn þess, er tilkynninguna gaf, símanúmer hans, hvenær og hvar slysið skeði, hvers konar slys sé um að ræða, hvers konar neyðarhjálp sé nauðsynleg og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Síðan skal hann strax tilkynna hlutaðeigandi aðilum um slysið.

Skylt er öllum þeim, sem fara um flugvallarsvæðið, hvort heldur er akandi eða fótgangandi, eða með loftförum, að fara í einu og öllu eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, svo og fyrirmælum, sem sett eru eða kunna að verða sett í sambandi við framkvæmd hennar.

Öll umferð manna, ökutækja, vélknúinna ökutækja og bifreiða er bönnuð á flugbrautum, flugvélaakbrautum og flughlöðum nema með sérstöku leyfi unráðanda flugvallarins.